



Starfslýsing fulltrúa sveitarstjórnar.

Næsti yfirmaður: sveitarstjórn.

Ábyrgðar- og starfssvið fulltrúa sveitarstjórnar.

Fulltrúi sveitarstjórnar situr fundi byggðasamlaga sem sveitarfélagið er aðili að.

Hann sinnir öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur honum.

Helstu verkefni fulltrúa sveitarstjórnar.

Fulltrúi sveitarstjórnar sinnir upplýsingagjöf af fundum.

Hann hefur náð samstarf við sveitarstjóra og sveitarstjórn.

Fulltrúi sveitarstjórnar skilar öllum innsendum erindum, bréfum og málum sem honum berast í skjalastjórnunarkerfi.

Hann sinnir samskipta- og upplýsingamiðlun við stjórnvöld, samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki, íbúa og aðra hagsmunaaðila.

Hæfniskröfur og menntun.

Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.

Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur.

Þekking og reynsla af sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu er kostur.

Góðir skipulagshæfileikar, sjálfstæði, frumkvæði, hugmyndaauðgi og metnaður til árangurs.

Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti.

Góð íslenskukunnátta.

Leiðtogaþæfileikar með áherslu á frumkvæði, örugga ákvarðanatöku og skipulögð vinnubrögð.

Nákvæmni og skipuleg vinnubrögð.

Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfskjör eru í samræmi við samninga Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Almennt

Starfsmönnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps ber að skila vinnutíma- og akstursskýrslum til launafulltrúa fyrir 22. dag hvers mánaðar.

Starfsmönnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps ber að tileinka sér kurteisa framkomu í störfum sínum og leitast við að leysa mál sem upp kunna að koma af lipurð og festu.

Starfsmönnum gefst kostur á símenntun og fræðslu í samráði við yfirmann.

Starfsmönnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps ber að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í störfum sínum, gæta ráðdeildar og sparsemi og gæta þess að vel sé farið með eignum þess.

Starfsmenn skulu leggja sig fram um að fylgjast með starfsemi og eignum sveitarfélagsins og láta stjórnendur þess vita um það sem betur má fara.

Starfsmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru bundnir trúnaði um allt sem þeir verða áskynja um í störfum sínum og varðar hagsmuni einstaklinga eða sveitarfélagsins. Sá trúnaður helst þó látið sé af störfum hjá sveitarfélaginu.

Dagsetning:

Fyrirvari um samþykki sveitarstjórnar 25. nóvember 2020.